

# LÖG

## RAFBÍLASAMBANDS ÍSLANDS

1. gr.

### Nafn

Nafn sambandsins er Rafbílasamband Íslands, að viðbætti skýringunni: „Samtök eigenda og áhugafólks um rafbíla“. Enska nafn félagsins er: “The Icelandic EV Association”.

2. gr.

### Varnarþing

Varnarþing sambandsins er í Reykjavík.

3. gr.

### Tilgangur

Tilgangur Rafbílasambandsins er:

- Hagsmunagæsla sambandsaðila.
  - Að vera í málsvari fyrir sambandsaðila um málefni rafbílgreinarinnar gagnvart öllum opinberum aðilum, samtökum, framleiðendum, öðrum viðskiptamönnum og almenningi.
  - halda utan um stefnumörkun í málefnum rafbílgreinarinnar.
  - vinna að eflingu faglegra vinnubragða innan rafbílgreinarinnar.
  - vinna að því að viðhafðir séu réttmætir viðskiptahættir innan rafbílgreinarinnar.
- Að vinna að orkuskiptum í samgöngum
  - Rafbílasambandið skal vera málsvari loftslagsávinninga sem og þjóðarhagkvæmnissjónarmiða sem hlýst af rafbílavæðingu á Íslandi.
  - Að veita ráðgjöf og rannsóknir til stjórnvalda til að hraða rafbílavæðingu hjá almenningi sem og fyrirtækjum á Íslandi.
  - Rafbílasambandið skal vera málsvari fyrir innleiðingu rafbíla til að bæta loftgæði, bæði til að auka loftgæði nærumhverfis og fyrir minnkun á útblæstri á gróðurhúsalofttegundum á Íslandi.
- Ráðgjöf og fræðsla til almennings og opinberra aðila.
  - Rafbílasambandið skal beita sér fyrir því að rafbílar séu ávallt hagkvæmari í innkaupum og rekstri en sambærilegir bílar knúnir jarðefnaeldsneyti með ráðgjöf til stjórnvalda um ívilnanir fyrir rafbíla sem og skattlagningu á mengandi bíla og jarðefnaeldsneyti.
  - Sambandið skal veita ráðgjöf til fyrirtækja og húsfélaga varðandi rafbílavæðingu.
  - Sambandið skal stuðla að jákvæðu viðhorfi almennings gagnvart rafbílum með almennri rafbílafræðslu, leiðbeiningu um notkun rafbíla og leiðréttingu ranghugmynda.
  - Sambandið skal stofna til, skipuleggja og halda sýningar á rafbílum, hlutum tengdum þeim og iðnaðinum í heild.
  - Sambandið skal vinna að eflingu menntunar innan rafbílgreinarinnar.

#### 4. gr.

### Innganga

1. Öllum einstaklingum sem ekki hefur verið sérstaklega vísað úr sambandinu er heimil aðild óháð rafbílaeign.
2. Skráning einstaklinga fer fram á heimasíðu félagsins og einstaklingur telst skráður í félagið þegar hann hefur greitt félagsgjald eins og það er ákveðið af stjórn sambandsins hverju sinni.
3. Lögaðilum sem annast sölu á rafbílum, vörum og þjónustu þeim tengdum og auk þess aðilum sem vilja stuðla að notkun raforku í samgöngum á Íslandi er heimil aðild að sambandinu. Aðilar þurfa að fullnægja kröfum sambandsins og yfirvalda um útbúnað, tæki, starfsumhverfi o.þ.h. Jafnaframt skulu þeir fylgja viðurkenndum meginreglum um gott siðferði og góða viðskiptahætti og séu að öðru leyti þannig, að aðild þeirra samrýmist hagsmunum sambandsins. Erlend rafbílasmök geta sótt um aukaaðild að félaginu.
4. Umsókn um inngöngu lögaðila sendist skriflega til skrifstofu sambandsins ásamt upplýsingum sem stjórnin telur ástæðu til að krefjast. Formaður skal bera inntökubeiðnina undir stjórn sem tekur ákvörðun um afgreiðslu hennar.

#### 5. gr.

### Sérstakar félagsskyldur

1. Skilyrði fyrir inngöngu er að skrifstofu sambandsins séu veittar upplýsingar um viðkomandi aðila sem skipta máli að mati stjórnarinnar hverju sinni. Þetta á við um allar aðstæður ef um þjónustu og/eða sölufyrirtæki er að ræða, svo tilgangi sambandsins verði náð.
2. Með upplýsingar, sem láttnar verða í té, skal farið með sem algjört trúnaðarmál. Þær má aðeins ræða í stjórn sambandsins eða á fundum þess eftir tölulega úrvinnslu og án tilgreiningar einstakra fyrirtækja.

#### 6. gr.

### Úrsögn

Ógreitt félagsgjald jafngildir úrsögn úr félaginu enda fellur rafrænt félagsskírteini úr gildi sjálfkrafa við lok greiðslutímabils.

#### 7. gr.

### Brottrekstur

Víkja má einstaklingi eða fyrirtæki úr sambandinu um lengri eða skemmri tíma, þegar stjórn þess telur fullvíst, að einstaklingur eða eigandi eða ábyrgur stjórnandi viðkomandi fyrirtækis hafi gerst brotlegur. Skal einu gilda hvort hann hafi brotið skráð eða óskráð lög, venjur um góða viðskiptahætti eða neitað að veita sambandinu upplýsingar skv. 5. gr.

Stjórn sambandsins tekur ákvörðun um brottvikningu til sambandsfundar.

## 8. gr.

### Aðalfundur

Aðalfundir fara með æðsta vald í málefnum sambandsins en almennir félagsfundir á milli aðalfunda.

Aðalfundur skal að jafnaði halda fyrir lok maí mánaðar ár hvert. Heimilt er þó þegar sérstaklega stendur á að halda aðalfundinn á öðrum tíma enda samþykki stjórnin það. Til aðalfundar skal boða með tveggja vikna fyrirvara með bréfi til sambandsaðila eða með auglýsingu í dagblaði.

Dagskrá fundarins skal vera sem hér segir:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Reikningar bornir upp til samþykktar.
- 3) Kosning formanns.
- 4) Kosning stjórnar og varamanna.
- 5) Lagabreytingar.
- 6) Önnur mál.

## 9. gr.

### Lögmæti aðalfundar, atkvæðisréttur

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað án tillits til fundarsóknar. Aðalfundi stjórnar fundarstjóri sem aðalfundur kýs. Fundarstjóri kannar lögmæti fundarins.

Einfaldur meirihluti nægir til löglegra samþykka á aðalfundi.

Sérhver sambandsaðili hefur eitt atvæði.

Aðili sem eigi getur sótt aðalfund getur látið fulltrúa sinn eða annan sambandsaðila sækja aðalfund fyrir sína hönd, enda fái hann til þess skriflegt umboð. Enginn getur þó farið með atkvæði fleiri en tveggja aðila auk síns (sinna) eigin.

Atkvæðagreiðsla á aðalfundi skal fara fram með handauppréttingu, nema 3 menn krefjist skriflegrar atkvæðagreiðslu. Einfaldur meirihluti atkvæðamagns ræður úrslitum mála sbr. þó 19. gr. varðandi lagabreytingar.

Þeir einir njóta atkvæðisréttar sem eru skuldlausir við sambandið á aðalfundi, miðað við álögð gjöld um síðustu áramót.

## 10. gr.

### Félagsfundir

Almenna félagsfundir sambandsins skal halda þegar stjórnin telur ástæðu til eða ef 10 sambandsaðilar fara fram á það. Fundinn skal boða svo fljótt sem unnt er.

Nefndir á sérsviðum sambandsins skulu standa fyrir félagsfundum fyrir sína félagsmenn í samráði við stjórnina. Félagsfundir skal boða með minnst viku fyrirvara nema sérstakar ástæður mæli með því að boða til hans með skemmri fyrirvara. Félagsfundum stýrir fundarstjóri sem fundurinn kýs. Fundarstjóri tilnefnir

fundarritara. Í fundarboði skal getið hvert fundarefnið er. Ekki er heimilt að álykta um fundarefni sem ekki hefur verið auglýst fyrirfram nema með samþykki 3/4 hluta fundarins.

Um atkvæðagreiðslur skulu gilda sömu reglur og á aðalfundi.

## 11. gr.

### **Stjórn**

Kjörgengir í stjórn sambandsins eru atkvæðisbærir félagsmenn og fulltrúar fyrirtækja sem aðild eiga að sambandinu.

Formannsframbjóðendur skulu hafa að minnsta kosti 6 mánaða samfellda félagsaðild að baki.

Stjórn sambandsins skipa 3 menn, en 5 menn eftir að félagsmenn verða fleiri en 100. Formaður skal kosinn sérstaklega.

Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára þegar þeir eru kosnir í fyrsta sinn. Sama regla gildir þegar formaður er kosinn fyrsta sinni. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn.

Framboðum til formannssetu skal skilað 7 dögum fyrir aðalfund.

## 12. gr.

### **Verkaskipting stjórnar**

Stjórnin skal á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund kjósa sér gjaldkera og ritara.

Formaður boðar stjórnarfundi þegar þurfa þykir en auk þess er honum skylt að boða til fundar ef 2 stjórnarmenn krefjast þess. Fundur er lögmætur og ályktunarfær ef meirihluti stjórnarmanna er mættur.

Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði. Ef atkvæði falla jöfn, ræður atkvæði formanns.

Stjórnin ákvarðar árgjöld til sambandsins.

Undirskrift formanns og eins meðstjórnanda nægir til að skuldbinda sambandið gagnvart öðrum.

Stjórnin ræður málefnum sambandsins á milli almennra félagsfunda og aðalfunda.

Stjórnin kemur fram fyrir hönd sambandsins.

Stjórnin ákvarðar hvaða mál stjórn sambandsins tekur til umfjöllunar og ákveður starfssvið stjórnar. Telji hún þörf á nánari faglegri umfjöllun um tiltekin mál vísar hún þeim til viðeigandi nefndar, sbr. 14. gr.

Fundargerð skal haldin um það sem fram fer á stjórnarfundum og skal fundargerð borin undir stjórn til staðfestingar.

Komi til varanlegra forfalla eða afsagnar formanns skal boða til almenns félagsfundar sem kýs nýjan formann.

13. gr.

### **Nefndir**

Stjórn getur skipað nefndir til að vinna að sérverkefnum. Stjórn sambandsins skipar fulltrúa í nefndirnar að fengnum tillögum frá félögum. Nefndarmenn kjósa sér formann.

Nefndir vinna að hagsmunamálum þeim sem þær varða og stjórnin hefur beint til þeirra. Þær skila niðurstöðum sínum til stjórnar.

14. gr.

### **Svæðisfulltrúar**

Landinu skal skipt upp í svæði með svæðisfulltrúum þegar umsvif sambandsins krefst þess.

15. gr.

### **Framkvæmdastjóri og skrifstofa**

Þegar stærð félagsins krefst þess mun stjórnin ráða framkvæmdastjóra fyrir sambandið. Hann stjórnar skrifstofu þess. Hann hefur á hendi allar daglegar framkvæmdir og annast ráðningu aðstoðarfólks.

16. gr.

### **Árgjöld**

Við inngöngu í félagið greiðist árgjald eins og það hefur verið ákveðið af stjórn félagsins á hverjum tíma.

Upphæðir árgjalda skal tilkynnt fyrir 1. október ár hvert fyrir komandi ár.

17. gr.

### **Reikningar- Fjárhagsáætlun**

Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Löggiltur endurskoðandi skal endurskoða reikninga og skila athugasemdum til stjórnar sambandsins.

Fyrir 15. apríl ár hvert, skal framkvæmdastjóri hafa lokið við reikninga fyrir liðið starfsár og sent þá endurskoðanda er skilar stjórninni athugasemdum sínum innan 14 daga.

Þá skal framkvæmdastjóri leggja fjárhagsáætlun næsta starfsárs fyrir stjórn sambandsins eigi síðar en 30. nóvember ár hvert. Áætlunin skal endurskoðuð og lögð fram í endanlegri mynd eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund þess.

**17. grein í heild sinni gildir ekki fyrr en félagið er komið með skrifstofu og launaða starfsmenn.**

**Fram að þeim tíma skal gjaldkeri og formaður gæta að reglum um fjármál félagasamtaka sé framfylgt.**

## 18. gr.

### Lagabreytingar

Tillögur til breytinga á lögum sambandsins skulu sendar stjórn sambandsins, er leggur þær fyrir aðalfund.

Slíkar tillögur þurfa að berast eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Til að slík tillaga nái fram að ganga þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.

## 19. gr.

### Stjórnarlaun

Stjórnarlaun - Gerð er krafa um vinnuframlag; að mætt sé á stjórnarfundi auk viðbótarvinnuframlags við viðburði og fræðslu.

- Formaður fær greidd stjórnarlaun 3,5% af félagsgjöldum
- Meðstjórnandi fær greidd stjórnarlaun 2,5% af félagsgjöldum
- Varamaður fær greidd stjórnarlaun 1,5% af félagsgjöldum - vegna viðburða og fræðslu

Þegar framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn skal endurskoða þessa grein.

Sitjandi stjórnarmenn eru undanþegnir félagsgjaldi

## 20. gr.

### Styrkfé

Ef styrkir fást fyrir tiltekin verkefni, skal styrknum skipt þannig:

20% til Rafbílasambandsins

80% skiptist á milli verkaðila í hlutfalli við vinnuframlag samkvæmt tímaskýrslum og mati formanns nefndar

## 21. gr.

### Gildistaka laganna

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög samþykkt á aðalfundi 23. júní 2020.